

vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 11. október.

Nr. 21/1909:

Brandur Bjarnason
gegn
Magnúsi Blöndahl.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði trésmiður Magnús Blöndahl í Reykjavík fyrir gestarétti Snæfellsness- og Hnappadals-sýslu gegn áfrýjandanum Brandi Bjarnasyni frá Hallbjarnareyri, en síðan í Stykkishólmi, til greiðslu á andvirði fyrir bátmótor ásamt flutningsgjaldi til Reykjavíkur og innsetningu m. m. samtals 2434 krónum, og var málið dæmt í nefndum rétti 1. febr. þ. á., á þá leið, að áfrýjandinn var dæmdur til að greiða stefnda hina umstefndu upphæð ásamt 6% vöxtum frá stefnudegi 21. október f. á. til borgunardags, en málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 26. apríl þ. á., og krafist þess, að dóminum verði breytt svo, að hann verði syknaður af öllum kærnum og kröfum stefnda og stefndi verði dæmdur til að greiða sér hæfilegan kost og tæring fyrir óþarfa málssókn, og hvernig sem málið fer, málskostnað bæði fyrir undir- og yfirdómi eftir mati réttarins. Stefndi hef-

ír aftur á móti krafist þess, að dómurinn verði staðfestur og sér dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi hjá áfryjanda eftir mati réttarins.

Snemma á árinu 1906 varð það að samningum milli áfryjanda og Bjarna Þorkelssonar bátasmiðs í Reykjavík, að Bjarni útvegaði áfryjanda mótorbát með tilheyrandi vél, er hefði 6 hesta afl, og átti báturinn að vera kominn til Stykkishólms fyrir miðjan maímánuð það ár. Greiddi áfryjandi Bjarna fyrirfram upp í andvirði bátsins 550 kr., en það var gjört ráð fyrir að báturinn með vélinni mundi alls kosta 2500—2600 kr. Í ágúst mánuði næst á eftir hafði áfryjandi þó ekki enn fengið bátinn, en þá (28. ágúst) ritaði stefndi, Magnús Blöndahl, honum bréf, og sagði honum frá, að Bjarni Þorkelsson hefði beðið sig að kaupa fyrir áfryjanda 6 hesta Dan-motor í bát, er áfryjandi ætti að fá hjá Bjarna, og hafi hann gjört þetta og sé motorinn kominn og settur í bátinn, en verðið fyrir motorinn ásamt innsetningu o. fl., er hann sagði vera 2434 kr., yrði að greiða að minsta kosti að $\frac{2}{3}$ hlutum um leið og Magnús slepti mótornum úr sínum höndum, og að $\frac{1}{3}$ hluta eftir 3 mánuði, og mæltist stefndi til þess, að áfryjandi gjörði ráðstafanir til að borgun þessi yrði greidd áður en báturinn færi burtu, eða semdi að minsta kosti við sig um borgunina. Áfryjandi svaraði bréfi þessu 16. september næst á eftir, kannaðist við að hafa pantað bát og vél hjá Bjarna Þorkelssyni, en lét í ljósi að sér þætti eðlilegt, að stefndi vildi ekki sleppa vélinni úr höndum sér, án þess meiri hluti hennar sé borgaður strax. Lýsir það sér í bréfinu, að áfryjanda er áhugamál að fá bátinn vestur hið allra fyrsta, og stingur hann upp á því, að báturinn sé send-

ur kaupmönnum þar vestra, er sleppi honum því að eins við sig, að það verði áður trygt, að vélin, »sem þér (stefndi) takið borgun fyrir, verði skilvislega borguð«. En síðar segir svo í bréfinu »og eg get fullvissað yður um það, og legg drengskap minn við, að þér skuluð ekki verða dreginn á borgun fyrir vélina þegar hún er komin í mínar hendur, og verði hún óskemd«. Þessu bréfi svaraði stefndi svo 27. s. m., að hann »ætlaði óhræddur að treysta áfrýjanda með skilvísra greiðslu fyrir vélina í bátnum« og mundi báturinn verða sendur áfrýjanda strax og mögulegt væri. Snemma í október fekk áfrýjandi bátinn með vélinni, en ekki fekk stefndi borgun fyrir vélina, og neitaði áfrýjandi að greiða honum hana, er hann krafði hann síðar um hana, og höfðaði stefndi því mál þetta gegn honum, en því máli lyktaði sem fyr segir.

Dómkrafa stefnda í máli þessu, sem tekin var til greina af gestaréttinum, var bygð á því, að áfrýjandi hefði með ummælum sínum í fyrgreindu bréfi 18. sept. 1906 skuldbundið sig til að greiða stefnda andvirði mótors þess, er mál þetta er höfðað út af, með þeirri upphæð, er krafist var í framannefndu bréfi stefnda 28. ágúst 1906, eða 2434 kr., og það getur ekki verið vafi á því, að bréfið 18. sept. 1906 verður að skiljast svo, að áfrýjandi hafi þar tekið sér þessa skuldbindingu á herðar gagnvart stefnda. Það losar ekki áfrýjanda undan þeirri skuldbindingu, þótt hann hafi pantað upphaflega bæði bátinn og motorinn hjá Bjarna Þorkelssyni. Stefndi skýrði áfrýjanda greinilega frá því, í bréfinu 28. ágúst 1906, sem bréfið 18. sept. s. á. var svar upp á, að hann (stefndi) hefði pantað vélina fyrir áfrýjanda eftir tilmælum Bjarna

Þorkelssonar, og tjáði honum, að hann mundi ekki láta mótórinna frá sér nema áfrýjandi borgaði sér hann, eða lofaði að gjöra það. Og áfrýjandi lofaði þessu. Hann gjörði það í bréfinu 18. sept. 1906; samþykkti þá að stefndi ætti beint við sig um borgun á mótörnum. Eftir þetta áttu þeir beint kaupin saman um mótórinna, stefndi og áfrýjandi. Áfrýjandi getur því ekki vísað á bug kröfum stefnda á hendur honum um borgun fyrir mótórinna með því að bera það fyrir, að hann hafi samið við Bjarna Þorkelsson einan um útvegum bæði á bát og mótör, og að hann hafi þegar borgað mótórinna með því að fá Bjarna borgunina, en á þessari ástæðu er vörn hans í málinu byggð. Skýrslur málsins bera það fullkomlega með sér, að mótórinna var útvegaður af stefnda handa áfrýjanda, að áfrýjandi hefir lofað stefnda að sjá um, að honum yrði borgaður hann skilvíslega, að stefndi slepti þá fyrst mótörnum úr sínum höndum, er hann hafði fengið þetta loforð áfrýjanda í bréfinu 18. septbr. 1906, og loks að stefndi hefir enn þá ekki fengið borgun þessa greidda; hvorki frá áfrýjanda né Bjarna Þorkelssyni, er áfrýjandi heldur fram, að hafi átt að greiða stefnda hana. En þar sem áfrýjandi þannig eigi hefir fullnægt skuldbinding sinni, að borga stefnda verð mótörsins með innsetningu m. m., verður að dæma hann til þess að greiða stefnda þá upphæð í því skyni, sem stefndi hefir krafist og áfrýjandi ekki haft það sérstaklega að athuga við, að hún væri of há, og að auki vexti, svo sem í gestaréttardóminum er ákveðið. Það ber því að staðfesta dóm þenna í heild sinni, einnig málskostnaðarákvæði hans. Í málskostnað fyrir yfirdómi þykir rétt að áfrýjandi greiði stefnda 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandi Brandur Bjarnason greiði stefnda Magnús Blöndahl í Reykjavík í málskostnað fyrir yfirdómi 30 kr.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 25. október.

Nr. 11/1909:

Árni Sveinsson

gegn

Hannes Thorsteinson

fyrir hönd Leontio Warburgs Sön & Co.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði Hannes Thorsteinson yfirréttarmálaflutningsmaður fyrir hönd hinna stefndu Leontio Warburgs Sön & Co. í Kaupmannahöfn fyrir gestarétti Ísafjarðarkaupstaðar á hendur áfrýjandanum, Árna Sveinsyni kaupmanni á Ísafirði, og lauk því svo með dómi nefnds réttar, uppkveðnum 10. marz þ. á., að áfrýjandi var dæmdur til að greiða hinum stefnda viðskiftaskuld kr. 6389,13, með 6% vöxtum frá 30. apríl 1906 unz greitt yrði, og 30 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 13. maí þ. á., og krafist þess, að dómurinn verði feldur úr gildi, áfrýjandi sýknaður af